

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 28. maí 1974

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja með rafkveikju**(74/290/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

blásturs hafa aukist vegna framfara sem hafa orðið í hönnun slíkra hreyfla.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

Í framtíðinni verður að búa þessa hreyfla blöndungum sem gera það kleift að uppfylla tilteknar kröfur um mengandi útblástur er vélin gengur í hægagangi hver sem staða þeirra stjórnækja er sem notandanum eru tiltæk.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE ⁽¹⁾ frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra, eins og henni var breytt með aðildarlögunum ⁽²⁾ einkum 11., 12. og 13. gr.,

Komið hefur í ljós við framkvæmd gildandi ákvæða tilskipunar 70/220/EBE að breyta verður þeim til þess að auðvelda lögbærum yfirvöldum að gera þær prófanir sem þar er nú kveðið á um.

með hliðsjón af af tilskipun ráðsins 70/220/EBE ⁽³⁾ frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja með rafkveikju, eins og henni var breytt með aðildarlögunum, einkum 5. gr.,

Tilteknar breytingar eru einnig nauðsynlegar til þess að einfalda tilhögun við gerðarviðurkenningu vélknúins ökutækis að því er varðar mengandi útblástur, meðal annars til þess að hægt verði að láta gerðarviðurkenninguna ná einnig til gerða ökutækja sem að þyngd og/eða girhlutfalli eru frábrugðnar þeirri sem upphaflega hlaut viðurkenningu.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsyn er á ákveðnum ráðstöfunum til að þess vernda almenning, einkum í borgum, gegn þeirri síauknu loftmengun sem stafar af hreyflum ökutækja með rafkveikju. Möguleikarnir á að minnka leyfilegt magn mengandi út-

Hinn 10. október 1973 lagði framkvæmdastjórnin breytingatillögu fyrir nefndina um aðlögun að tæknilegum framförum á tilskipunum um afnám tæknilegra viðskiptahindrana á sviði vélknúinna ökutækja og það um álit hennar. Álitsgerðin var óhagstæð og hefur því framkvæmdastjórn-

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 73, 27. 3. 1972, bls. 14.⁽³⁾ Stjtið. EB L 76, 6. 4. 1970, bls. 1.

in, í samræmi við þá tilhögun sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 13. gr. b í tilskipun 70/156/EBE lagt fyrir ráðið tillögur að ráðstöfunum sem gripið verði til.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Hér með til viðaukum I til V við tilskipun 70/220/EBE breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá 1. janúar 1975 er aðildarríkjunum óheimilt, af ástæðum er varða mengandi útblástur frá hreyfli:

— að synja um EBE gerðarviðurkenningu eða að gefa út þau skjöl sem um getur í öðrum undirlíð 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eða að veita gerð ökutækis innlenda gerðarviðurkenningu,

— eða banna að slík ökutæki verði tekin í notkun,

enda uppfylli sú gerð ökutækis eða þau ökutæki þær kröfur um mengandi útblástur sem mælt er fyrir um í tilskipun 70/220/EBE, eins og henni hefur verið breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. október 1975:

— skulu aðildarríki ekki lengur gefa út skjalið sem kveðið er á um í öðrum undirlíð 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE fyrir gerð ökutækis sem uppfyllir ekki þær kröfur um mengandi útblástur sem kveðið er á um í tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, að því er varðar I. viðauka (að undanskildum lið 3.2.1.2.2), II. viðauka, lið 1.2 í IV. viðauka og V. viðauka.

— er aðildarríkjunum heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis sem uppfyllir ekki þær kröfur um mengandi útblástur sem kveðið er á um í tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, að því er varðar I. viðauka (að undanskildum 3.2.1.2.2), II. viðauka, lið 1.2 í IV. viðauka og V. viðauka.

— er aðildarríkjum heimilt að banna að ökutæki verði tekin í notkun sem uppfylla ekki þær kröfur um mengandi útblástur sem kveðið er á um í tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, að því er varðar I. viðauka (að undanskildum lið 3.2.1.2.2), II. viðauka, lið 1.2 í IV. viðauka og V. viðauka.

3. Frá 1. október 1976:

— skulu aðildarríki ekki lengur gefa út skjalið sem kveðið er á um í öðrum undirlíð 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE fyrir gerð ökutækis sem uppfyllir ekki þær kröfur um mengandi útblástur sem kveðið er á um í tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, að því er varðar lið 3.2.1.2.2 í I. viðauka og lið 1.5 í IV. viðauka,

— er aðildarríkjum heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis sem uppfyllir ekki þær kröfur um mengandi útblástur sem kveðið er á um í tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, að því er varðar lið 3.2.1.2.2 í I. viðauka og lið 1.5 í IV. viðauka.

— er aðildarríkjum heimilt að banna að ökutæki verði tekin í notkun sem uppfylla ekki þær kröfur um mengandi útblástur sem kveðið er á um í tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, að því er varðar lið 3.2.1.2.2 í I. viðauka og lið 1.5 í IV. viðauka.

3. gr.

Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. október 1974 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. maí 1974.

Fyrir hönd ráðsins,

H. D. GENSCHER

forseti.

VIÐAUKI

Breytingar á viðaukum við tilskipun 70/220/EEC

I. VIÐAUKI: SKILGREININGAR, UMSÓKN UM GERÐARVIÐURKENNINGU OG FORSKRIFTIR FYRIR PRÓFUN

Lið 3.2.1.1.4 er breytt sem hér segir:

„3.2.1.1.4., Með fyrirvara um ákvæðin í lið 3.2.1.1.5 hér fyrir neðan, skal prófunin gerð þrisvar sinnum. Við hverja prófun skal massi kolmónoxíðs og og vetniskolefna vera minni en þau gildi sem gefin eru upp fyrir ökutæki af tiltekinni viðmiðunarþyngd og sýnd í töflunni hér að fyrir neðan.

Viðmiðunarþyngd (RW) í kg	Massi kolmónoxíðs í hverri prófun í g L_1	Massi vetniskolefna í hverri prófun í g L_2
$RW \leq 750$	80	6,8
$750 < RW \leq 850$	87	7,1
$850 < RW \leq 1\ 020$	94	7,4
$1\ 020 < RW \leq 1\ 250$	107	8,0
$1\ 250 < RW \leq 1\ 470$	122	8,6
$1\ 470 < RW \leq 1\ 700$	135	9,2
$1\ 700 < RW \leq 1\ 930$	149	9,7
$1\ 930 < RW \leq 2\ 150$	162	10,3
$2\ 150 < RW$	176	10,9

3.2.1.1.4.1. Þó má hvert þeirra mengandi efna sem um getur í 3.2.1.1.4 í einhverri hinna þriggja prófana ekki vera meira en 10% ofan við þau mörk sem mælt er fyrir um í þeim lið fyrir viðkomandi ökutæki, enda sé reiknað meðaltal hinna þriggja niðurstaðna fyrir neðan fyrirskipuð mörk. Komi til þess að fleiri en eitt mengandi efni sé ofan fyrirskipaðra marka skiptir ekki máli hvort það kemur fram í sömu prófun eða í mismunandi prófunum.“

Eftirfarandi lið 3.2.1.1.5 skal skotið inn á eftir lið 3.2.1.1.4:

„3.2.1.1.5. Þeim prófunum sem mælt er fyrir um í lið 3.2.1.1.4 skal fækkað með eftirfarandi skilyrðum, þar sem V_1 táknar niðurstöður fyrstu prófunar og V_2 táknar niðurstöður annarrar prófunar vegna einhvers hinna mengunarefna sem um getur í lið 3.2.1.1.4.

3.2.1.1.5.1. Einungis ein prófun skal gerð ef fram kemur að $V_1 \leq 0,70 L$ fyrir mengunarefnin.

3.2.1.1.5.2. Einungis skal gera tvær prófanir ef í ljós kemur að bæði efnin til samans mælast allt að 0,85 L, jafnframt því sem annað efnið er til staðar í meira magni en 0,70 L. Ennfremur verður gildið V_2 að uppfylla skilyrðið $V_1 + V_2 \leq 1,70 L$ og $V_2 \leq L$ að því er varðar mengunarefnin hvort um sig.“

Eftirfarandi setningu skal bætt inn í lið 3.2.1.2.2 :

„Þetta skilyrði skal prófað með þeim hætti sem greinir í IV. viðauka við allar mögulegar stillingar hinna ýmsu stjórnækja sem notandinn getur beitt.“

Eftirfarandi lið 4 skal skotið inn á eftir lið 3.2.1.3.3:

„4. ÚTVÍKKUN Á EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU

4.1. Gerðir ökutækja sem hafa frábrugðna viðmiðunarþyngd

Við eftirfarandi skilyrði er heimilt að rýmka viðurkenningu á gerð ökutækis þannig að hún nái til gerða ökutækja sem frábrugðin eru viðurkenndri gerð einungis að því leyti að viðmiðunarþyngd þeirra er önnur.

4.1.1. Heimilt er að útvíkka viðurkenningu þannig að hún nái til bifreiða með viðmiðunarþyngd þar sem einvörðungu er miðað við næsta tregðujafngildi fyrir ofan eða neðan.

4.1.2. Ef viðmiðunarþyngd ökutækis af þeirri gerð, sem sótt er um útvíkkun á gerðarviðurkenningu fyrir krefst þess að notað verði kashjól með hærra tregðujafngildi en notað var við viðurkenndu gerðina skal heimila að áður útgefin gerðarviðurkenning verði víkkuð út.

4.1.3. Ef viðmiðunarþyngd ökutækis af þeirri gerð, sem sótt er um útvíkkun á gerðarviðurkenningu fyrir krefst þess að notað verði kashjól með lægra tregðujafngildi en það sem notað var við viðurkenndu gerðina skal heimila að áður útgefin gerðarviðurkenning verði víkkuð út ef massi mengunarlofttegunda frá áður viðurkenndu ökutæki mælist innan þeirra marka sem sett eru vegna þess ökutækis sem sótt er um útvíkkun á viðurkenningu fyrir.

4.2. Gerðir ökutækja með frábrugðið heildargírhlutfall

Við eftirfarandi skilyrði er heimilt að viðurkenning fyrir eina gerð ökutækis verði víkkuð út og látin ná til gerða ökutækja sem eru frábrugðin viðurkenndri gerð að því leyti að heildargírhlutfall þeirra er annað:

4.2.1. Fyrir hvert gírhlutfall sem er notað í prófun I gildir jafnan $E = \frac{V_2 - V_1}{V_1}$ þar sem V_1 og V_2 eru annars vegar hraði viðurkennda ökutækisins við snúningshraðann 1 000 snún./mín og hins vegar hraði þeirrar gerðar ökutækis sem sótt er um að útvíkkun á viðurkenningu fyrir.

4.2.2. Ef $E \leq 5\%$ í hverjum gír skal útvíkkun viðurkenningarinnar heimiluð án þess að prófun I verði endurtekin.

4.2.3. Ef $E > 5\%$ í að minnsta kosti einum gír og $E \leq 10\%$ í öllum gírum skal prófun I endurtekin en hana má gera í rannsóknarstofu sem framleiðandinn velur með fyrirvara um samþykki þeirra yfirvalda sem til þess eru bær að að veita gerðarviðurkenningu. Skýrslan um prófunina skal send hinni viðurkenndu rannsóknarstofu.

4.3. Gerðir ökutækja með frábrugðna viðmiðunarþyngd og frábrugðið heildargírhlutfall.

Heimilt er að viðurkenning sem veitt er ökutæki verði rýmkuð og látin ná til ökutækja sem frábrugðin eru því sem viðurkenninguna hlaut að því leyti að viðmiðunarþyngd þeirra og heildargírhlutfall er annað, enda sé fullnægt öllum þeim fyrirmælum sem um getur í liðum 4.1 og 4.2 hér að framan.

4.4. Athugasemd

Hafi gerð ökutækis hlotið viðurkenningu eftir þeim ákvæðum sem í liðum 4.1. til 4.3 greinir er óheimilt að útvíkka slíka viðurkenningu þannig að hún nái til annarra gerða ökutækja.“

Í stað liðar 3.2.2 komi eftirfarandi 5. liður:

„5. SAMRÆMI Í FRAMLEIÐSLUNNI

5.1. Meginreglan skal vera sú að samræmi framleiddra ökutækja, að því er varðar takmarkanir á útblæstri mengandi lofttegunda frá hreyflinum, sé prófað á grundvelli lýsingar í tilkynningunni í VII. viðauka og eftir atvikum einhverrar eða allra prófana I, II og III sem lýst er í lið 3.2.

5.1.1. Samræmi ökutækis skal prófað sem hér segir í prófun I:

5.1.1.1. Ökutæki skal tekið úr framleiðsluröð og sett í prófunina sem lýst er í lið 3.2.1.1. Þó skal eftirfarandi koma í stað þeirra marka sem sýnd eru í 3.2.1.1.4:

Viðmiðunarþyngd (RW) í kg	Massi kolmónoxíðs í hverri prófun í g L ₁	Massi vetniskolefna í hverri prófun í g L ₂
$RW \leq 750$	96	8,8
$750 < RW \leq 850$	105	9,3
$850 < RW \leq 1\ 020$	112	9,6
$1\ 020 < RW \leq 1\ 250$	129	10,4
$1\ 250 < RW \leq 1\ 470$	146	11,1
$1\ 470 < RW \leq 1\ 700$	162	11,9
$1\ 700 < RW \leq 1\ 930$	178	12,6
$1\ 930 < RW \leq 2\ 150$	195	13,3
$2\ 150 < RW$	211	14,1

5.1.1.2. Ef ökutækið sem valið er uppfyllir ekki kröfurnar sem um getur í lið 5.1.1.1 er framleiðandanum heimilt að fara fram á að mælingar verði gerðar á úrtaki ökutækja úr sömu framleiðsluröð, þar með talið því ökutæki sem upphaflega var prófað. Framleiðandinn ákveður fjölda (n) ökutækja í úrtakinu. Önnur ökutæki en það sem upphaflega var prófað skulu sett einu sinni í prófun I.

Niðurstöður þær sem hafa ber til hliðsjónar skulu vera reiknað meðaltal úr prófun I sem gerð er þrisvar sinnum á upphaflega ökutækinu. Reiknað meðaltal \bar{x} niðurstaðnanna og staðalfrávik s úrtaksins⁽¹⁾ skal ákvarðað fyrir hverja mengandi lofttegund.

⁽¹⁾ $S^2 = \frac{(x - \bar{x})^2}{n - 1}$ þar sem x er hvaða einstaka niðurstaðan sem vera skal

Framleiðsla einnar lotu telst vera í samræmi ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

$$\bar{x} + k \cdot S \leq L$$

þar sem:

L = markgildið sem mælt er fyrir um í lið 5.1.1.1 vegna hvernar mengandi lofttegundar sem til skoðunar er, og

k = staðtölulegur stuðull sem háður er n og gefinn upp í eftirfarandi töflu:

n	2	3	4	5	6	7	8	9	10
k	0,973	0,613	0,489	0,421	0,376	0,342	0,317	0,296	0,279
n	11	12	13	14	15	16	17	18	19
k	0,265	0,253	0,242	0,233	0,224	0,216	0,210	0,203	0,198

enda sé $n \geq 20$ $k = \frac{0,860}{\sqrt{n}}$

- 5.1.2. Þegar prófanir II og III eru gerðar á ökutækjum sem tekin eru úr framleiðsluröð skal fullnægja þeim kröfum sem mælt er fyrir um í liðum 3.2.1.2.2 og 3.2.1.3.2.
- 5.1.3. Þrátt fyrir kröfurnar í lið 2.1.1 í III. viðauka er þeirri stofnun sem ábyrg er fyrir könnun á samræmi heimilt, með samþykki framleiðandans, að gera prófanir I, II og III á ökutækjum sem ekið hefur verið skemur en 3 000 km.“

II. VIÐAUKI: GRUNDVALLAREIGINLEIKAR HREYFISINS OG UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD PRÓFANA.

Liður 1.4 verði svohljóðandi:

„1.4. Fjöldi og fyrirkomulag strokka: ...“

Í liðum 3.2.1.3.1. til 3.2.1.3.5, hægra megin á síðunni, skal textinn orðast sem hér segir:

„Kúrfa er sýnir samband eldsneytisflæðis og loftflæðis og stillingar sem þarf til að viðhalda henni⁽²⁾.“

III. VIÐAUKI: PRÓFUN I

Liður 4.1.4 verði svohljóðandi:

„4.1.4. Könnun skal gerð til þess að ganga úr skugga um að stilling hemlanna sem þannig er ákveðin gangi einnig fyrir önnur hraðastig milli hægagangs og mesta hraða í prófunarferlinu, ef þörf krefur skal nota meðaltalsstillingu.“

Liður 5.3 verði svohljóðandi:

„5.3 **Notkun innsogsins**

5.3.1. Handvirkt innsog

Innsogið skal tekið af eins fljótt og unnt er og þeirri meginreglu skal fylgt að það sé áður en hröðun frá 0 til 50 km/klst í fyrsta prófunarferlinu hefst. Sé ekki hægt að uppfylla þetta skilyrði skal tilgreina hvenær innsogið var tekið af. Framleiðanda ber að gefa upp hvernig innsogið er stillt.

5.3.2. Sjálfvirkt innsog

Sé ökutækið búið sjálfvirku innsogi verður að stjórna því eins og framleiðandinn mælir fyrir um að því er varðar stillingu og frátengingu (kick-down) eftir kaldræsingu. Sé einskis getið um frátengingu verður hún að eiga sér stað 13 sekúndum eftir að hreyfillinn fór í gang.“

Í lið 6.2.1 skal bæta við eftirfarandi:

„Ef hönnun pokans er þannig að ekki er tryggt að lofttegundirnar blandist algjörlega meðan prófunin stendur yfir, skal þess gætt að þær blandist fyrir greiningu t.d. með því að leiða þær í gegnum hringrásardælu.“

Síðasta skilgreining í lið 7.1 verði svohljóðandi:

„PH: Hlutaprýstingur vatnsgufu mældur í millímetrum kvikasilfurs.“

IV. VIÐAUKI: PRÓFUN II

Liður 1.2 verði svohljóðandi:

„1.2. Prófun II skal gerð strax eftir að fjórða ferlinu í prófun I lýkur, með hreyfilinn kaldan, í hægagangi og án þess að innsogið sé á. Rétt áður en hver mæling á kolmónoxíðinu er gerð skal fara í gegnum vinnsluferli prófunar I eins og henni er lýst í lið 1.1 í III. viðauka.“

Næst á eftir 1.4. komi eftirfarandi liður 1.5:

„1.5. **Búnaður til stillingar á hægagangi**

1.5.1. Skilgreining

Í þessari tilskipun merkir „búnaður til stillingar“ þá hluta sem hægt að beita til þess að breyta hægagangi hreyfilsins og notandinn getur auðveldlega breytt með þeim verkfærum sem talin eru upp í lið 1.5.1.1 hér á eftir. Nánar tiltekið skal búnaður til þess að stilla eldsneytis- eða loftflæði ekki falla hér undir ef stillingin krefst þess t.d. að fjarlægð sé innsigli sem kemur í veg fyrir að aðrir en sérhæfðir vélvirkjar annist verkið.

1.5.1.1. Verkfæri sem hægt er að nota til að stilla hægagang: Skrúfjárn (venjulegt eða stjörnuskrúfjárn), stjörnumulyklar, skrúflyklar, skiptilyklar, tengur og sexkantar.

1.5.2. Ákvörðun á mælingarstöðum

1.5.2.1. Fyrsta mælingin skal gerð við þá stillingu sem notuð er fyrir prófun I.

1.5.2.2. Ákveða ber hæfilegan fjölda stillinga á stiglausum stillingarbúnaði.

1.5.2.3. Þegar mæling er gerð á kolmónoxíði í útblásturslofti verður að gera það við allar hugsanlegar stöður stillingarbúnaðar en eingöngu í þeim stöðum sem greinir í lið 1.5.2.2 þegar í hlut á stiglaus stilling.

1.5.2.4. Prófun II skal teljast fullnægjandi ef öðru tveggja eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

- 1.5.2.4.1. ekkert gildanna sem mælt er í samræmi við kröfurnar í lið 1.5.2.3 má vera yfir markgildinu.
- 1.5.2.4.2. magnið sem mælist við að skipta um stillingar á einum stillingarbúnaði meðan hinir eru óbreyttir má ekki fara yfir fyrirskipað hámark og verður að fullnægja þessu skilyrði hvað hinar ýmsu samsetningar á stöðu stillingarbúnaðar áhrærir, þó ekki þess stíglausa.
- 1.5.2.5. Möguleg staða stillingarbúnaðar takmarkast af:
 - 1.5.2.5.1. hinu hærra af eftirfarandi: lægsta snúningshraða sem vélin getur haldið í hægagangi eða snúningshraða í hægagangi samkvæmt tilmælum framleiðanda að frádregnum 100 snún./mín.,
 - 1.5.2.5.2. hinu lægsta af eftirfarandi: mesta snúningshraða sem hægt er að stilla vélina til að ganga á í hægagangi, snúningshraða í hægagangi samkvæmt tilmælum framleiðanda að viðbættum 250 snún./mín. eða þeim snúningshraða sem nægir til að sjálfskipting eigi sér stað.
- 1.5.2.6. Þá skal sú staða stillingarbúnaðar sem hæfir ekki eðlilegum gangi vélarinnar ekki tekin sem mælingarstaður; einkum skal þess gætt að á vél með fleiri en einum blöndungi sé sama stilling á þeim öllum.“

V. VIÐAUKI: Prófun III

Eftirfarandi lið 5 skal bætt við á eftir lið 4.7.7:

- „5. PRÓFUNARAÐFERÐ
- 5.1. Ökutækið telst uppfylla öll skilyrði ef sýnt er að við allar þær mælingar, sem frá er greint í lið 2.2, takist hringrásarkerfinu að draga inn aftur allan útblástur frá sveifarhúsi sem að öðrum kosti streymdi út í andrúmsloftið.
- 5.2. Kröfurnar sem settar eru fram í liðum 2 og 4.7 gilda um þessa aðferð.
- 5.3. **Prófunaraðferðir**
- 5.3.1. *Almenn ákvæði*
- 5.3.1.1. Útblástursop á vélinni skulu vera með þeim hætti sem upphaflega var.
- 5.3.1.2. Mæling á þrýstingi í sveifarhúsi skal gerð við opið fyrir olúkvörðann. Þrýstingurinn skal mældur með hallandi þrýstingsmæli.
- 5.3.1.3. Ökutækið telst uppfylla öll skilyrði ef sýnt er að við allar mælingar sem frá er greint í lið 2.2 sé þrýstingurinn inni í sveifarhúsinu ekki meiri en þrýstingur andrúmsloftsins þegar mælingin er gerð.
- 5.3.1.4. Nú reynist þrýstingurinn inni í sveifarhúsinu meiri en nemur þrýstingi andrúmsloftsins við einhverjar mælinganna sem um getur í lið 2.2 og skulu frekari prófanir gerðar í samræmi við lið 5.3.2 enda fari framleiðandinn þess á leit.
- 5.3.1.5. Þegar prófun er gerð í samræmi við framangreinda tilhögun skal þrýstingur í sveifarhúsi mældur með nákvæmni innan ± 1 millímetra vatnshæðar.

- 5.3.2. *Frekari prófunaraðferðir:*
- 5.3.2.1. Op á vélinni skulu vera með þeim hætti sem upphaflega var.
- 5.3.2.2. Mjúkur poki sem hleypir ekki lofttegundum frá sveifarhúsi í gegnum sig og tekur um það bil 5 lítra skal tengdur við opið fyrir oliukvarðann. Pokinn skal tæmdur fyrir hverja mælingu.
- 5.3.2.3. Pokanum skal lokað fyrir hverja mælingu. Hann skal tengdur sveifarhúsinu í fimm mínútur fyrir hverja mælingu sem frá greinir í lið 2.2.
- 5.3.2.4. Ökutækið telst uppfylla öll skilyrði ef pokinn þenst ekki sýnilega út við neina þá mælingu sem frá greinir í lið 2.2.
- 5.3.3. *Athugasemd*
- 5.3.3.1. Sé hreyfillinn þannig gerður að ekki verði gerð á honum prófun með þeim hætti sem greinir í liðum 5.3.1 og 5.3.2 skal prófunin allt að einu gerð eftir fyrirmælunum í lið 5.3.2 að afstöðnum eftirfarandi breytingum:
- 5.3.3.2. áður en prófunin fer fram skal öllum opum lokað nema því sem lofttegundunum er safnað um.
- 5.3.3.3. pokinn skal tengdur hentugu útblástursopi þannig að ekki verði frekara þrýstingsfall og skal það vera á hringstreymisrásinni sem næst vélarblokkinni.“
-